

1863. sem hér eru ákveðnir fyrir umsjónarmannsstörfín, ekki eiga að
 23. októberm. reiknast fyrri en frá þeim tíma, þá er störf þessi, svo sem að ofan er sagt, verða falin á hendur einhverjum einum af kennurunum.

Þegar þar að kemur, vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu um, hvað gjört verður í þessu efni.

27. októberm. **85. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun fyrir læknislyf handa stúdentum á prestaskólanum í Reykjavík.**

Í skjali nokkru, er þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, senduð stjórnarráðinu með bréfi yðar 19. dag júnímán. þ. á., hefir Randrúp lyfsali í Reykjavík farið þess á leit, að hið opinbera borgi sér á sama hátt og að undanfögnu tvo reikninga fyrir læknislyf, er stúdentar á prestaskólanum fengu hjá honum árin 1861 og 1862, en upphæð reikninganna var 3 rd. 85 sk. og 3 rd. 68 sk. Um þetta efni skal yður kunnngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það og gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið eptir atvikum málsins veitir samþykki sitt til, að Randrúp lyfsala sæu á vanalegan hátt ávísaðir úr jarðabókarsjóðnum 3 rd. 85 sk., sem borgun fyrir læknislyf þau, er hann lét af hendi árið 1861; en þar sem stjórnarráðið þegar hefir lýst því yfir í bréfi sínu 9. septembermán. 1861, að engin heimild sé til að veita stúdentum á prestaskólanum læknislyf ókeypis, þá getur stjórnarráðið ekki leyft, að borgunin fyrir læknislyf þau, er stúdentar þessir fengu árið 1862, sé greidd úr ríkissjóðnum.

27. októberm. **86. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skyldu skólakennara til að vera í forstöðunefnd barnaskólans í Reykjavík.**

Með álitsskjali, dagsettu 22. ágústmán. þ. á., hafð þér,

1863.

herra stiptamtmaður, sent aptur umkvörtunarskjal Jónasar Guðmundssonar, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, er í 27. októberm. skjali þessu hafði borið sig upp yfir því, að hann hafi verið kosinn í forstöðunefnd barnaskólans í greindum kaupstað. Eptir að búið er að skrifast á um málefni þetta við kirkju- og kennslustjórnina, skal yður nú kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að einsog stjórnarráðið ekki í því, sem hlutadeigandi hefir tilgreint sínu máli til styrkingar, finnur neina ástæðu til að þiggja hann undan að takast á hendur starfa þenna, er hann var til kosinn, þannig verður stjórnarráðið og að fallast á skoðun þá, er þér látið í ljósi í álitsskjali yðar, að Jónas skólakennari Guðmundsson, hvernig sem ástatt var, hefði verið skyldur að ganga í nefndina, þangað til stjórnarráðið með úrskurði sínum gæti gjört út um, hvort undanfærsla hans væri á gildum rökum byggð eður eigi. — En þarsem það stendur í álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, að bæjarfulltrúarnir hafi kosið Jónas skólakennara Guðmundsson til gjaldkera við barnaskólann í Reykjavík og þessvegna einnig sjálfsagt til nefndarmanns í skólanefndinni, þá skal stjórnarráðið geta þess, að þetta fyrst og fremst ekki er í samhljóðan við það, sem fram er komið í málinu, og því næst hefði og bæjarfulltrúana, sem áttu rétt á að kjósa hann í skólanefndina, skort heimild til að kjósa hann til gjaldkera fyrir skólann; því eptir því sem ákveðið er í reglug. 27. októbermán. 1862 á skólanefndin að kjósa gjaldkera, og á til hans að kjósa einn af nefndarmönnum.

87. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út Snorra-eddu. 27. októberm.

Halldór Friðriksson, kennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, hefir sent stjórnarráðinu bænarskrá um, annaðhvort að hið opinbera taki að sèr kostnaðinn við útgáfu hinnar yngri Eddu, sem hann hefir í hyggju að gefa út, þó svo, að hann þá fái